

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.) - 389. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. febrúar 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.), 389. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins að auka frjálstræði á þessu sviði. Stofan telur þó rétt að vekja athygli á því að mikilvægt er að hægt sé að grípa inn í nafngiftir barna í þeim tilvikum þar sem nafnið getur orðið barninu til ama. Þrátt fyrir að um sárafá dæmi sé að ræða þá er hefur verið um mikilvæg mál að ræða fyrir þau börn sem þau mál varða. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá er nafn nátengt sjálfsmýnd og sjálfsvitund fólks. Þess vegna skiptir miklu máli að börnum séu ekki gefin nöfn sem ætla má að hafi slæm áhrif á þeirra sjálfsmýnd og sjálfsvitund um aldur og ævi. Miklu máli skiptir að nafngiftin frá upphafi sé þannig að sú ákvörðun sé ekki til þess fallin að valda barninu sálrænu og tilfinningalegu tjóni.

Barnaverndarstofa telur því mikilvægt að hægt sé að stöðva slíkar nafngiftir, enda er það almennt viðurkennt, bæði af dómstólum hér á landi sem og alþjóðlegum og/eða fjölþjóðlegum mannréttindasnefndum og -dómstólum að friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu sé ekki án takmarkana og hægt sé að takmarka það friðhelgi vegna ríkari hagsmuna annarra. Bendir Barnaverndarstofa m.a. á í þessu samhengi að börn eiga samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst. Í þessu felst m.a. að löggjafanum ber að tryggja að börn njóti þeirrar verndar að hægt sé að koma í veg fyrir að þeim séu gefin nöfn sem eru þeim til ama hafi þannig neikvæð áhrif á framtíð þeirra og sjálfsmýnd. Telur Barnaverndarstofa því mikilvægt að löggjafinn feli einhverjum opinberum aðila áfram þetta hlutverk þrátt fyrir að mannanafnanefnd verði lögð niður.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2015

Efni: 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 523 — 389. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Íslensk málnefnd fagnar áhuga á íslenskum mannanöfnum og þeim lögum sem um þau gilda. Málnefndin telur brýnt að ráðast í heildarendurskoðun laga um mannanöfn og lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í slíkri endurskoðun. Að mati nefndarinnar er fyrirliggjandi frumvarp á þingskjali 523 ekki skref í rétta átt og nefndin leggst gegn því að það verði samþykkt. Mannanöfn eru mikilvægur þáttur íslensks máls og því skiptir máli að þau falli sem best að málinu og málkerfinu, en jafnframt að sem mest sátt ríki í málsamfélaginu um lög og reglur sem um þau gilda. Gildandi lög um mannanöfn eru hátt í 20 ára og eðlilegt að endurskoða þau í ljósi gagnrýni sem fram hefur komið og breyttra viðhorfa í samfélaginu, m.a. í mannréttindamálum.

Á hinn bóginn varar Íslensk málnefnd við því að breyta einstökum ákvæðum gildandi laga eða fella þau brott án þess að skýr heildarhugsun liggi þar að baki. Þótt einstakir úrskurðir mannanafnanefndar hafi sætt gagnrýni er fráleitt að leggja nefndina niður og fella brott ákvæði um mannanafnaskrá. Óhjákvæmilegt er að upp komi álitamál og leita þurfi álits sérfróðra manna. Það er vandséð að betra samræmis yrði gætt í slíku kerfi eða meiri sátt yrði um úrskurði. Sú hefð að kenna sig við föður eða móður er ríkur þáttur íslensks máls og mikilvægt að leita leiða til að viðhalda henni eftir því sem kostur er án þess að brotið sé gegn jafnrétti borgaranna.

Mikil vinna lá að baki samningu gildandi laga á sínum tíma, og í þeirri vinnu tóku þátt bæði lögfræðingar og málfræðingar. Eigi að endurskoða lögin er nauðsynlegt að vandað verði til verka og sérfróðum mönnum á sviði íslensks máls, nafnfræði og mannréttinda falið að vinna að þeirri endurskoðun.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar,
Guðrún Kvaran
formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2015

Efni: 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 523 — 389. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Mannanafnanefnd hefur á síðustu árum óskað eftir því í samskiptum við innanríkisráðuneyti að núverandi lög um mannanöfn yrðu endurskoðuð. Ýmis grundvallarhugtök í núverandi lögum, eins og málkerfi og hefð, eru ekki nægilega vel skilgreind í þeim. Mannanafnanefnd er skylt að framfylgja lögnum eftir bestu vitund en vegna þessara annmarka kunna úrskurðir nefndarinnar stundum að þykja misvísandi (dæmi: nafnið *Judith* leyft vegna hefðar en nafninu *Júðith* hafnað).

Flestar hafnanir mannanafnanefndar á nöfnum skv. núgildandi lögum (sbr. 5. gr.) eru vegna ritháttar. Í 5. gr. laganna segir: „Það [þ.e. nafn] skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.“ Í því frumvarpi um breytingar á lögum um mannanöfn, sem nú liggur fyrir Alþingi, er umrætt skilyrði fellt brott. Með því verða mannanöfn undianþegin almennum réttitunarreglum málsins. Til samanburðar má geta þess að í nýsamþykktum lögum um örnefni frá 3. mars 2015 er kveðið fastar á en í fyrri lögum um mikilvægi þess að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju (sjá b-lið 1. gr.). Ef mannanöfn þurfa ekki að lúta íslenskum stafsetningar- og málfræðireglum verður erfiðara að finna nöfn í skráum þar sem enginn réttur ritháttur er þá til.

Í frumvarpinu eru engar kvaðir um að nöfn þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði. Að okkar mati er mikilvægt að eiginöfn geti beygst sem nafnorð. Samkvæmt því eru t.d. tákni, raðtölur eða efsta stig lýsingarorðs ótæk sem nöfn en verða leyfileg samkvæmt frumvarpinu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ákvæði laganna um kvenmannsnöfn og karlmannsnöfn séu tímaskekkja og að það sé ekki hlutverk löggjafans að skilgreina hvað eru kvenmannsnöfn og hvað karlmannsnöfn. Á mannafnaskrá eru nú fáein samhljóma orð sem bæði eru skráð sem karlmanns- og kvenmannsnöfn (dæmi: *Blær*, *Júní*, *Elía*) en almennt eru nöfn þó eingöngu karlmanns- eða kvenmannsnöfn. Varhugavert yrði að gera slíka grundvallarbreytingu á nafnakerfinu sem lagt er til í frumvarpinu en þá yrði til að mynda hægt að nefna dreng *Þorgerði* og stúlku *Sigmund*.

Í frumvarpinu (b-lið 4. gr.) er lagt til að ættarnöfn verði gefin frjáls. Hér þarf að huga að nokkrum atriðum: Í núgildandi lögum um mannanöfn voru millinöfn hugsuð sem ígildi

ættarnafna. Í þessu frumvarpi er millinöfnum haldið inni en óljóst hvaða stöðu þau munu hafa þegar ættarnöfn verða gefin frjálts. Huga þarf að því að hið ævafora germanska nafnakerfi hefur eingöngu varðveist hér á landi. Ætla má að ef ættarnöfn verða gefin frjálts yrði það hörd atлага að slíku kerfi. Fornt föður- og móðurnafnakerfi okkar er mikilvægur menningararfur og ábyrgðarhlutur að vega að því. Það má einnig færa rök fyrir því að það hafi ýmsa kosti út frá sjónarmiði jafnréttis fram yfir ættarnafnakerfið. Einnig er óljóst í frv. hvort ættarnöfn eigi að lúta einhverjum skilyrðum um form, s.s. hvort taka megi hvaða nafn sem er, þ. á m. eiginnöfn sem ættarnöfn eða kenninöfn. Ættarnöfn eru í eðli sínu nöfn sem fylgja ættum. Ekki verður séð í frumvarpinu hvort ættarnöfn munu njóta einhvers konar nafnverndar eða hvort ótengdir aðilar hafi heimild til að taka upp sama ættarnafn og þar af leiðandi yrði ættarnafnið ekki lengur ættarnafn.

Enda þótt frumvarpið næði fram að ganga, allar kvaðir um nöfn felldar brott og mannanafnaskrá ekki lengur til verður ekki hjá því komist að upp komi ágreiningsefni um nöfn og skráningu þeirra. Einhver aðili eða stofnun þarf að geta tekið á slíkum málum.

Þörf er á heildarendurskoðun laga um mannanöfn eins og áður var rakið. Það er mikil vinna og huga þarf að mörgum þáttum. Kalla þarf til sérfræðinga á sviði laga, málfræði og mannréttinda til að endurskoða lögin.

Við teljum umrætt frumvarp ekki vera til bóta og leggjumst gegn því að það verði samþykkt.

Ágústa Þorbergsdóttir formaður mannanafnanefndar
Jóhannes B. Sigtryggsson nefndarmaður í mannanafnanefnd



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 523 — 389. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta enda er ætti fólk almennt að fá að kalla sig því nafni sem það helst kys. Rýmkun á nógildandi reglum er til dæmis til þess fallin að auðvelda Intersex fólki lífið, sem ætti þá að geta notað það nafn sem það hefur valið sér.

MRSÍ geldur þó varhuga við ótakmörkuðum rétti foreldra eða forsjáraðila barna til að nefna þau. Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að nafn er nátengt sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks. Ótakmarkað frjálsræði í nafngiftum gæti orðið til þess að barni yrði gefið nafn sem gæti jafnvel skaðað sjálfsmynd þess og valdið því sálrænum erfiðleikum. Því mætti gjalda varnagla við svo stöðva megi slíkar nafngiftir. Bent skal á meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sem kveða á um að ætíð skuli gæta þess að haga málefnum barna á þann hátt að sé þeim fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Efni: 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 523 - 389. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Samtökin '78, Trans-Ísland, Q-félag hinsegin stúdenta, Intersex Ísland, HIN - Hinsegin Norðurland og Félag ungra jafnréttissinna eru samtök sem láta réttindi hinsegin fólks á Íslandi sig varða og hafa mörg þeirra í áráraðir barist fyrir bættum hag hinsegin fólks hérlendis sem erlendis. Málefni trans fólks¹ og intersex fólks² eru ofarlega á forgangslista samtakanna enda mikilvægir málaflokkar og langt í land með að þessum hópum séu tryggð fullnægjandi réttindi og jöfn staða hérlendis.

Með það í huga viljum við taka undir og fagna tillögum að breytingum á lögum um mannanöfn er snúa að því að afnema ákvæði um kvenmanns- og karlmannsnöfn. Við teljum það ákveðna tímaskekkju að nöfn séu kynbundin út frá margvíslegum ástæðum.

Fyrst ber að nefna að stór hluti trans fólks samsvarar sig ekki við það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu og undirgengst þess vegna kynleiðréttingu til að fá leiðréttingu á sínu kyni og breyta því nafni sínu í kjölfarið. Þessi hópur getur ekki breytt nafni sínu til að samsvara sinni kynvitund þegar þeim hentar, eins og núverandi fyrirkomulag er á lögum um réttarstöðu trans fólks³ og lögum um mannanöfn. Viðkomandi einstaklingar þurfa að hafa verið í formlegu ferli til kynleiðréttingar í a.m.k. 18 mánuði áður en þeir geta óskað eftir lagalegri nafnabreytingu. Þessi biðtími getur haft í för með sér mjög neikvæðar afleiðingar fyrir trans fólk. Þessar neikvæði afleiðingar birtast t.d. þegar að trans fólk þarf að sýna skilríki (s.s. vegabréf) þar sem að nafn passar ekki við kynvitund⁴ viðkomandi og er ekki það nafn sem viðkomandi notar í daglegu lífi. Það yrði því mikil framför á réttarstöðu trans fólks hérlendis að það gæti breytt um nafn við byrjun ferlis eða þegar því hentar.

Sömuleiðis gera núgildandi lög um réttarstöðu trans fólks og núgildandi lög um mannanöfn eingöngu ráð fyrir því að einstaklingar upplifi sig sem karla eða konur og útiloka þau því sumt trans fólk og intersex fólk. Sá hópur trans fólks sem upplifir sig hvorki sem karl né konu hefur t.a.m. engan aðgang að nafnabreytingum. Kynvitund þessa hóps fellur ekki að hefðbundnum kynjaflokkum. Vegna þessa væri til bóta að fólk fengi í auknu mæli að setja saman nöfn sem hæfir þeirra kynvitund. Núgildandi lög um mannanöfn útiloka einnig intersex fólk, en það fellur ekki að hefðbundnum flokkunum þegar kemur að líffræðilegu kyni og getur kynvitund þeirra einnig verið margvísleg. Það að nöfn séu eingöngu karlmanns- eða kvenmannsnöfn útilokar því þann hóp intersex fólks sem upplifir sig hvorki sem karl né konu. Intersex einstaklingar sem búa við það að hafa verið úthlutað röngu kyni á barnsaldri hafa heldur enga möguleika innan núverandi lagaramma til þess að breyta um nafn.

Við viljum því lýsa yfir sérstökum stuðningi við breytingar á ákvæðum er kveða á um kvenmanns- og karlmannsnöfn og styðjum heilshugar að það ákvæði sé algjörlega afnumið.

¹ Hér er vísað til "trans fólks" sem víðs hóps sem að upplifir kynvitund sína á einhvern hátt á skjön við það kyn er þeim var úthlutað við fæðingu.

² Hér er vísað til "intersex" fólks sem víðs hóps yfir fólk sem að fellur ekki að hefðbundnum kynjaflokkum (karl, kona) líffræðilega séð.

³ Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012.

⁴ Kynvitund vísar til þess kyns sem að þú upplifir þig. Kynvitund er algjörlega burtséð frá kynfærum eða kyni sem úthlutað var við fæðingu.

Það myndi vera stórt skref í réttindabaráttu trans fólks og intersex fólks héraendis og myndi bæta stöðu hópa sem hafa hingað til fengið litla og/eða enga lagalega viðurkenningu héraendis.

Virðingarfyllst,
Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi
Trans-Ísland, félag trans fólks á Íslandi
Q-félag hinsegin stúdenta á Íslandi
Intersex Ísland, félag intersex fólks á Íslandi
HIN - Hinsegin Norðurland
Félag ungra jafnréttissinna á Íslandi

Efni: Frumvarp til laga um mannanöfn (mannanafnanefnd, ættarnöfn), 389. mál

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna tekur undir mikilvægi þess að auka svigrúm þegar kemur að nafnavali barna. Sérstaklega telur hann tímabært að auka svigrúm foreldra og eftir atvikum barna til þess að velja nöfn, óháð kyni. Sú breyting myndi vera verulega til hagsbóta fyrir börn sem eru trans eða falla að öðru leyti ekki að stöðluðum hugmyndum samfélagsins um kyn og kyngervi. Mikilvægt er að þessi börn fái aukið svigrúm til þess að breyta nafni sínu og velja sér nafn sem er betur í samræmi við þeirra eigin kynvitund.

Þó að aukið svigrúm í nafnavali geti vissulega haft jákvæð áhrif á stöðu barna hér á landi er ekki hægt að líta framhjá því að nöfn geta í einhverjum tilvikum verið meiðandi fyrir börn eða verið þeim að öðru leyti til verulegs ama. Sem betur fer eru flestir foreldrar færir um að gæta hagsmuna barna sinna. Hins vegar er ávallt hætta á að einhver lítill hluti foreldra muni velja nafn sem getur talist verulega skaðlegt fyrir barn og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd og líðan þess. Telur umboðsmaður barna því ástæðu til að kveða áfram á um einhvers konar eftirlit með nafngiftum barna, hvort sem það sé á vegum mannanafnanefndar eða annars opinbers aðila, svo sem barnaverndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með ofangreindu frumvarpi er nafn mikilvægur hluti af sjálfsmynd barna. Þarf því að gæta þess að ekki séu teknar ákvarðanir um breytingar á nöfnum barna, án þess að samráð sé haft við þau sjálf. Samkvæmt lögum um mannanöfn nr. 45/1996 þurfa börn sjálf að samþykkja nafnbreytingar frá 12 ára aldri, sbr. 4. mgr. 13. gr. og 8. mgr. 14. gr. laganna. Í framkvæmd er þó ekki tryggt að börn undir 12 ára aldri hafi tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Telur umboðsmaður barna því ástæðu til þess að breyta framangreindum ákvæðum og áréttu að ávallt skuli gefa börnum, sem myndað geta eigin skoðanir, tækifæri til þess að tjá sig áður en teknar eru ákvarðanir um nafnbreytingar og að skylt sé að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska, eins og skylt er samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 3. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Kenninöfn barna skipta ekki síður máli fyrir sjálfsmynd þeirra en eiginnöfn, enda vísa þau oftast til tengsla barns við föður og/eða móður. Slíkt getur haft jákvæð áhrif, sérstaklega þegar barn er eða var í góðum tengslum við það foreldri sem það er kennt við. Umboðsmaður barna þekkir hins vegar einnig dæmi þar sem kenninöfn hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd barna og jafnvel þannig að nafn beinlínis veldur barninu vanlíðan. Getur það til dæmis átt við í þeim tilvikum sem umrætt foreldri hefur haft lítil, engin eða neikvæð samskipti við barnið og það vill mun fremur kenna sig við það foreldri sem hefur verið til staðar fyrir það. Þá geta komið upp aðstæður þar sem foreldri hefur brotið gegn barni með alvarlegum hætti og það er stöðug og íþyngjandi áminning fyrir barnið að bera nafn brotmannsins. Samkvæmt 6. mgr. 14. gr. laga um mannanöfn getur Þjóðskrá Íslands samþykkt breytingu á kenninafni barns þó sá sem barn er kennt við sé andvígur því ef sérstaklega stendur á og telja verður að nafnbreyting verði barni til verulegs hagræðis. Umboðsmaður barna hefur fengið

ábendingar um að umrætt ákvæði sé túlkað mjög þröngt í framkvæmd og að dæmi séu um að beiðni um nafnbreytingu stálpaðs barns hafi verið hafnað jafnvel þó það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu þess foreldris sem það er kennt við. Í september sl. sendi umboðsmaður bréf til Þjóðskrár og spurðist fyrir um þessa túlkun. Í svari sínu bendir Þjóðskrá á orðalag ákvæðisins sé þröngt og að það sé „ekki hlutverk stofnunarinnar að leggja mat á eða taka afstöðu til þess hvort barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu foreldris eða annars aðila þegar ekki liggur fyrir dómur eða annarskonar sönnun um sekt foreldris um kynferðisofbeldi gagnvart barni“. Í kjölfarið sendi umboðsmaður Þjóðskrá annað bréf þar sem hann hvetur stofnunina til þess að setja hagsmuni barna í forgang og forðast að gera of ríkar sönnunarkröfur þegar metið er hvort breyting á kenninafni teljist barni til verulegs hagræðis. Vissulega er mikilvægt að tryggja að nöfn barna verði ekki vettvangur fyrir deilur foreldra og þarf því að gera ákveðnar kröfur til þess að hægt sé að breyta kenninafni barns. Á sama tíma er þó brýnt að tekið sé tillit til þess hversu mikil áhrif kenninafn getur haft á sjálfsmynd barna og réttur þeirra til þess að hafa stigvaxandi áhrif á eigið líf virtur. Má í því sambandi minna á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans og 2. mgr. 1. gr. barnalaga á það sem er barni fyrir bestu að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Eiga hagsmunir þess barns sem óskar eftir breytingu á kenninafni því að vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir þess foreldris sem barn er kennt við. Í ljósi þess hvernig 6. mgr. 14. gr. laga um mannanöfn hefur verið túlkað í framkvæmd telur umboðsmaður barna brýnt að breyta orðalagi ákvæðisins, þannig að aukið tillit verði tekið til hagsmuna barna og vilja þeirra, í samræmi við aldur og þroska.

Hér má nálgast tvö bréf sem umboðsmaður barna sendi Þjóðskrá á síðasta ári sem og eitt svarbréf frá Þjóðskrá: <http://barn.is/frettir/2014/12/nafnbreytingar-og-hagsmunir-barna/>

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Skrifstofa umboðsmanns barna



Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2015

Tilvísun ÞÍ: 2015030534/5.7.0

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.)

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem frumvarp til breytinga á mannanafnalögum nr. 45/1996, 389. mál, þingskjal 525 er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er felld niður takmörkun á fjölda nafna einstaklings. Í nágildandi lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, er bráðabirgðaákvæði vegna skráningar nafna í þjóðskrá þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara. Á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins voru „Reglur um skráningu nafna þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara“, nr. 1025/2011, settar.

Þjóðskrá Íslands hefur lokið við að uppfæra kerfi sín þannig að nú er hægt að rita fullt nafn einstaklings í tölvukerfi þjóðskrár án takmörkunar á stafbilum og getur Þjóðskrá Íslands nú miðlað frá sér 44 stafbilum í stað 31 stafbils sem áður var. Er sjaldgæft að nöfn einstaklinga séu lengri en 44 stafbil í dag enda takmarkað hversu mörg nöfn einstaklingar geta borið samkvæmt nágildandi lögum um mannanöfn.

Þeir aðilar sem þjóðskrá er miðlað til, þ.e. aðrar opinberar stofnanir og miðlarar, eru enn sem komið er ekki búnir að lagfæra tölvukerfi sín og taka þannig flestir ennþá einungis við 31 stafbili úr þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands reiknar með að þessir aðilar verði búnir að gera viðeigandi ráðstafanir á kerfum sínum fyrir 1. janúar 2018 og mun stofnunin þá hætta að miðla frá sér 31 stafbila ritun nafns og mun einungis miðla frá sér 44 stafbila skráningu. Þangað til það gerist þarf Þjóðskrá Íslands að hafa reglur sem gilda um styttingu nafna við miðlun þeirra þegar nafn er lengra en 31 stafbil (fram til 1. janúar 2018) og þegar nafn er lengra en 44 stafbil.

Bendir Þjóðskrá Íslands á nauðsyn þess að geta áfram skráð stytta ritun nafna ef frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn verður samþykkt þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að einstaklingar geti borið ótakmarkaðan fjölda nafna og ljóst er að

tölvukerfi sem vinna með nöfn einstaklinga munu almennt ekki geta borið óendanlegan fjölda stafbila.

Athugasemdir við 3. og 4. gr. frumvarpsins

Með þeirri breytingu sem á sér stað við niðurfellingu 5. gr. laga um mannanöfn eru engin skilyrði sem nafn þarf að uppfylla til að geta talist gilt eiginnafn.

Bendir Þjóðskrá Íslands á að engin skilgreining er til í lögum um hvað telst vera nafn. Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að einhverskonar skilgreining sé til staðar um hvað teljist til nafns og að einhverskonar grundvallarreglur liggi fyrir um nöfn.

Bendir Þjóðskrá Íslands á eftirfarandi dæmi:

- Getur nafn verið einn bókstafur?
- Getur nafn innihaldið önnur tákn eða stafi en finnast í íslenska stafrófinu?
- Getur nafn innihaldið tölustaf?
- Getur nafn verið einungis einn eða fleiri tölustafir eða tákn?
- Þarf að vera hægt að bera nafn fram eða er heimilt að gefa barni nafn eða taka upp nafn sem er í raun stafarugl, svo sem: khrvjttap
- Þarf nafn að vera almennt þekkt nafn eða orð eða má búa til hvernig nafn sem er sem einstaklingi dettur í hug?

Það er hlutverk Þjóðskrár Íslands að skrá nöfn barna við nafngjöf og verða við óskum einstaklinga um breytingu á nafni í samræmi við ákvæði mannanafnalaga. Ekkert annað stjórnvald mun hafa þá yfirsýn sem Þjóðskrá Íslands hefur yfir nafngjafir barna eða eftirlit með nafngjöf barna og þá jafnframt hvort gengið sé á hagsmuni barns með nafngjöf sem getur orðið því til ama. Telur Þjóðskrá Íslands að taka verði afstöðu til þess hvort stofnuninni beri undantekningarlaust að skrá tilkynningu um nafngjöf barns í þjóðskrá þótt nafn sé verulega óviðeigandi og líkur á að nafngjöfin sem slík brjóti á grunnréttindum barns sem tryggð eru í barnalögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Einnig þarf að liggja fyrir hvort stofnuninni beri að tilkynna viðeigandi stjórnvaldi, t.d. barnavernd, komi slík tilfelli upp.

Í frumvarpinu er lagt til að 2.-5. mgr. 6. gr. verði felld brott. Bendir Þjóðskrá Íslands á að við niðurfellingu 5. gr. og 2.-5. mgr. 6. gr. laganna mun í eðli sínu ekki vera neinn munur á millinöfnum og eiginnöfnum annar en sá að einstaklingur má einungis bera eitt millinafn en ótakmarkaðan fjölda eiginnafna.

Eðli millinafna í núgildandi lögum er það að um er að ræða nafn sem hvort heldur má gefa stúlku eða dreng og er þannig ekki kynbundið. Einnig má millinafn almennt ekki hafa unnið sér hefð sem eiginnafn karla eða eiginnafn kvenna. Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um mun enginn eðlismunur vera á þeim nöfnum sem heimil eru sem eiginnöfn eða millinöfn. Einungis uppskipting nafns í þjóðskrá gæfi til kynna hvort um eiginnafn eða millinafn væri að ræða. Er það mat Þjóðskrár Íslands að miðað við framsetningu frumvarpsins væri heppilegast að fella að fullu út ákvæði um millinöfn úr mannanafnalögum. Þannig bærn einstaklingar einungis eiginnöfn og kenninöfn.



Með frumvarpinu er lagt til að 7. gr. laganna falli brott. Yrði þannig heimilað að taka upp ný ættarnöfn á Íslandi og engin skilyrði eru sett um heimild til að bera ættarnafn. Ekki er gerð grein fyrir því hvort einhverjar reglur skuli gilda um upptöku nýrra ættarnafna eða hvernig farið verði með vernd sem veitt er í núgildandi lögum á ættarnöfnum sem nú þegar eru í notkun. Það er hvort hverjum sem er verði heimilt að taka upp hvert það ættarnafn sem viðkomandi óskar.

Ef vernd ættarnafna sem nú eru í notkun er ætlað að haldast þarf einnig að taka afstöðu til þess hvernig fari um vernd nýrra ættarnafna sem tekin yrðu upp, þ.e. hvort margir ótengdir einstaklingar geti tekið upp sama ættarnafnið eða hvort hægt sé að óska eftir að einungis afkomendur og maki þess aðila sem tekur upp nýtt ættarnafn fái að bera það.

Þjóðskrá Íslands bendir á að í Noregi og Danmörku er heimilt að taka upp ný ættarnöfn en þar er eldri ættarnöfnum hinsvegar einnig veitt ákveðin vernd. Í Danmörku er t.d. miðað við að fleiri en 2000 einstaklingar þurfi að bera ættarnafn til að allir megi taka nafnið upp. Í Noregi er miðað við að ef færri en 200 bera ættarnafnið þá megi ekki taka nafnið upp nema með leyfi þeirra sem bera nafnið fyrir.

Engin skilgreining kemur fram í frumvarpinu á því hvaða nöfn geti talist ættarnöfn, t.d. hvort hægt sé að bera nafn sem í dag er skilgreint sem eiginnafn, sem ættarnafn. Samkvæmt því yrði einstaklingi þá heimilt að taka upp t.d. nöfnin Halldóra eða Sigurður sem ættarnöfn.

Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að niðurfelling 7. gr. laga um mannanöfn verði útfærð á skýrari hátt þannig að ekki leiki vafi á takmörkunum eða heimildum einstaklinga til að bera eða taka upp ættarnöfn, hvort sem um er að ræða ættarnöfn sem eru til nú þegar eða nýupptekin ættarnöfn. Telur Þjóðskrá Íslands æskilegt að einhverskonar skilgreining um ættarnöfn sé í lögum eða í greinargerð líkt og föður- og móðurnöfn eru skilgreind í 8. gr. laga um mannanöfn. Bendir Þjóðskrá Íslands í þessu samhengi á athugasemdir sem gerðar voru að framan við nöfn almennt en sömu sjónarmið eiga við um upptöku nýrra ættarnafna, þ.e. hvort nýtt ættarnafn sem einstaklingur vill taka upp þurfi að uppfylla einhver almenn lágmarksskilyrði.

Að mati Þjóðskrár Íslands þyrfti að taka skýrt fram í lögum um mannanöfn hvort heimilt sé að bera tvö ættarnöfn sem kenninöfn, þ.e. bæði frá móður og föður. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að bera tvö kenninöfn, en einungis er tilgreint að heimilt sé að einstaklingur kenni sig bæði til föður og móður og svo til annað hvort föður eða móður og beri ættarnafn. Taka lögin þannig ekki skýra afstöðu til þess hvort einstaklingur, sem báðir foreldrar bera ættarnöfn, hafi heimild til að bera þau bæði.

Með frumvarpinu er 4. mgr. 8. gr. felld brott. Ekki kemur fram hvort áfram skuli vera heimilt að laga kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris að íslensku máli og hvernig skuli þá staðið að því, þ.e. hver taki ákvörðun um hvernig skuli rita kenninafnið.

Ljóst er að nágildandi lög um mannanöfn eru barn síns tíma og brýn þörf er á heildarendurskoðun þeirra. Er Þjóðskrá Íslands reiðubúin að koma að vinnu við slíka endurskoðun.

Þjóðskrá Íslands óskar að lokum eftir að fá að koma að frekari athugasemdum á síðari stígum en leggst gegn samþykki frumvarpsins í óbreyttri mynd.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Inga Helga Sveinsdóttir
Inga Helga Sveinsdóttir
Lögfræðingur

MINNISBLAÐ

TIL: UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR
FRÁ: ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
EFNI: NAFNBREYTINGAR Á ÍSLANDI 2005-2014
DAGS.: 20. APRÍL 2015

Þjóðskrá Íslands hefur tekið saman fjölda skráðra nafnbreytinga sem framkvæmdar hafa verið í þjóðskrá á árunum 2005 – 2014. Samantekt á fjölda þeirra er að finna í töflunni hér fyrir neðan en heildarfjöldi nafnbreytinga á ári er á bilinu 2 – 3 þúsund.

	Alls 2005 2014	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Nafnbreytingar samtals	25.170	2.206	2.173	2.423	2.618	2.758	2.597	2.445	2.572	2.597	2.781
1. Eiginnafnsbreytingar	1.728	136	133	145	152	195	153	147	247	224	196
2. Kenninafnsbreytingar	17.360	1.537	1.537	1.614	1.800	1.948	1.895	1.744	1.752	1.819	1.714
3. Millinafnsbreytingar	1.473	83	104	141	128	180	155	150	176	187	169
4. Nafnbreytingar fólks af erlendum uppruna	943	90	92	102	153	93	79	55	52	97	130
5. <i>Nafn sem ekki var skráð í þjóðskrá fellt niður</i>	324	–	–	–	–	–	–	–	–	7	317
6. Nafnbreytingar fengnar erlendis vegna búsetu þar	3.342	360	307	421	385	342	315	349	345	263	255

Skýringar

- Eiginnafnsbreytingar.** Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn. Eiginnöfn þurfa að vera skráð á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Breytingar á eiginnafni felast í tilvikum eins og þegar nafnbreyting verður við ættleiðingu, eiginnafn tekið upp til viðbótar öðru nafni, eiginnafn tekið upp og annað fellt niður o.fl.
- Kenninafnsbreytingar.** Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn. Föður- og móðurnöfn skulu ávallt dregin af eignarfallsmynd eiginnafns foreldris. Samkvæmt nágildandi mannanafnalögum er óheimilt að taka upp ný ættarnöfn. Meginþorri skráðra nafnbreytinga varða breytingar á kenninafni einstaklinga. Kenninafnsbreytingar geta verið af ýmsu tagi og má þar t.d. nefna þegar kenning til föður verður kenning til móður, kenning til móður verður til föður, ættleitt barn er kennt til kjörforeldris, ættarnafn tekið upp eða fellt niður o.fl.
- Millinafnsbreytingar.** Almennt millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þegar um er að ræða millinöfn geta tilvikin verið á þann veg að eiginnafn foreldris í eignarfalli er gert að millinafni, ættarnafn sem borið er í þjóðskrá gert að millinafni, ættarnafn maka gert að millinafni o.fl.
- Nafnbreytingar fólks af erlendum uppruna.** Slíkar nafnbreytingar voru flestar á árunum 2007 – 2008 og á árinu 2014. Um er að ræða breytingar vegna sem eru tilkomnar vegna skráningar íslensks ríkisfangs eða á grundvelli sérstakra ákvæða laga um mannanöfn.
- Niðurfelling nafns sem ekki var skráð í þjóðskrá.** Á árinu 2013 var hafin skráning á fullu nafni einstaklinga í þjóðskrá, samhliða því að nafnasvæði þjóðskrár var lengt. Nú er mögulegt að skrá fullt nafn í þjóðskrá óháð lengd nafnsins en í þessum tilvikum hafa einstaklingar kosið að fella niður eitthvert nafna sinna í stað þess að fá það nafn skráð fullum fetum í þjóðskrá.

6. **Nafnbreytingar fengnar erlendis.** Um er að ræða fjölda nafnbreytinga sem skráðar eru í þjóðskrá eftir að einstaklingur hefur fengið nafnbreytingu erlendis vegna búsetu þar.